



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á Friðarsamkomu í Kaplakrika
Hafnarfirði
15. desember 2001**

Góðir samkomugestir

Vonin um friðsama veröld hefur fært okkur hér saman og hugur okkar leitar til milljónanna í öllum heimsálfum sem líkt og við biðja á hverjum degi um að hríðinni sloti.

Óskinn um frið hefur fylgt mannkyni um aldir en samt hafa stríðin orðið mörg og löng, stundum fórnardauði þúsunda á hverjum degi.

Öldin sem leið var sú grimma sem sögur greina, heimsstyrjaldir tvær og stríðin skæð um lönd og álfur. Mannfallið nam tugum milljóna og minningarnar um ódæðin sem framin voru eru svo hræðilegar að erfitt er að bera þær í sálu sinni.

Við vonuðum að hin nýja öld yrði líka nýr tími, að friður, samstaða og umburðarlyndi yrðu leiðarstef í mannlegri breytni, öryggi og frelsi lífskjör flestra, að loksins hefði lærdómur sögunnar, hið góða í manningum fært okkur frið.

Við erum nú í öðrum sporum, höfum orðið vitni að hræðilegum hryðjuverkum, heyrum daglega fréttir af mannfalli og víða í veröldinni eru skærur slíkar að óbreyttir borgarar láta lífið, konur og börn sem í sakleysi sinna daglegum verkum eða bregða á leik falla óvænt í skothríðinni.

Það er reynt að ala á hatri og ótta, draga upp dökka mynd af nágrannanum, beita siðvenju og trú til að skipa fólki í andstæðar fylkingar, gera bábiljur að grundvelli aðgerða sem beint er gegn öðrum.

Við viljum ekki slíka þróun. Við trúum því að hið góða geti sigrað að lokum. Við viljum bræðralag allra manna hver svo sem trú eða þjóðerni kunnir að vera.

Við Íslendingar höfum dýrmætri reynslu að miðla. Okkur hefur blessunarlega tekist að móta hér samfélag þar sem friðsæld og öryggi setja svip á hið daglega líf, þar sem einlægur vilji til samstarfs og sáttar hefur verið leiðarljós við lausn á deilum. Hér er að finna sönnun þess að stríð og ótti eru ekki óhjákvæmilegur þáttur í mannlegri reynslu, að vonin um sættir og friðargjörð getur orðið að veruleika.

Vissulega eru aðrar þjóðir bundnar aðstæðum sem eru öðruvísi, oft framandi venjum og sögu sem hefur verið þyrnum stráð. Samt sýnir reynsla þeirra að unnt er að sigrast á erfiðleikum, draga úr fjandskap og hatri, marka grundvöll að sáttum sem eru svo heilar að þær færa öllum betra líf, verða vitnisburður um sannleikann í þessum vísuorðum Tómasar, að "hjörtum mannanna svipar saman, / í Súdan og Grímsnesinu."

Óskinn um frið er því raunhæf bæn. Hún sameinar okkur á þessum degi, en líka á morgun og um alla framtíð.

Hér komum við saman með ólíka trú en einn huga. Mótuð af siðvenjum sem eiga sér ólíkar rætur en samt allar vígðar mennskunni sjálfri, mennskunni sem færir hjörtun saman og gerir okkur kleift að skilja hvert annað, mennskunni sem skapar hlýju og vináttu í garð hvers annars.

Við biðjum um frið þegar hátíð nálgast en líka á hverjum degi, helgum og virkum, ár af ári uns veröldin öll lítur þeim vilja, vilja um sátt og samlyndi allra manna, vilja sem virðir rétt sérhvers manns til að njóta þess sem lífið býður, rétt sem gerir engan mannamun.

Við skulum láta friðarsönginn hljóma skært og styrkja óskina um frið sem við berum í brjósti, gera þessa góðu stund að áheiti um betri tíma.